# Framkvæmdafréttir 20. tbl. /03

VEGAGERÐIN




*Hluti Þverárfjallsvegar (744) er nú fullbúinn og tveir aðrir hlutar hafa verið boðnir út.*

## Auglýsingar útboða

### Kjalvegur (35), Háalda - Sandá 03-082

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð Kjalvegar (35) á um 4,1 km löngum kafla frá Háöldu að Sandá.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Fylling | 20.480 $m^3$ |
| Fláafleygar | 2.280 $m^3$ |
| Skering | 22.760 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 18.000 $m^3$ |
| Frágangur fláa | 52.080 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 30. júní 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 14. júlí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Siglufjarðarvegur (76) um Hofsá 02-102

Vegagerðin, Norðurlandsumdæmi vestra, óskar eftir tilboðum í verkið Siglufjarðarvegur (76) um Hofsá. Um er að ræða ræsalögn í Hofsá ásamt endurbyggingu Siglufjarðarvegar á 520 m kafla.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Fylling og fláafleygar | 12.500 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 3.300 $m^3$ |
| Stálplöturæsi | 37 m |
| Tvöföld klæðing | 3.500 $m^2$ |
| Frágangur fláa | 9.200 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. október 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Sauðárkróki og Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 30. júní 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 14. júlí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

**Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 20. tbl. 11. árg. nr. 342 30. júní 2003**

Ritstjórn og umsjón útgáfu: **Viktor Arnar Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður: **Gunnar Gunnarsson**
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til: **Vegagerðin Framkvæmdafréttir Borgartúni 7 105 Reykjavík** (bréfsími 522 1109) eða **vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaefni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

# Niðurstöður útboða

## Smíði stálbita 2003 03-077

Tilboð opnuð 10. júní 2003. Smíði stálbita 2003.
Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Stálbitar INP 600 | 14,3 tonn |
| Ýmsir stálhlutir | 1,7 tonn |
| Sandblástur og málun | 221 $m^2$ |
| Málmhúðun | 258 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 20. ágúst 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar, Hafnarfirði | 10.998.802 | 149,9 | 5.870 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 7.336.800 | 100,0 | 2.208 |
| 3 | Sandblástur ehf., Seyðisfirði | 5.951.800 | 81,1 | 823 |
| 2 | Suðurlist - Reisir, Hafnarfirði | 5.142.000 | 70,1 | 13 |
| 1 | Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík | 5.128.820 | 69,9 | 0 |

## Þverárfjallsvegur (744) Skagastrandarvegur – Skúfur 03-037

Tilboð opnuð 16. júní 2003. Norðurlandsumdæmi vestra. Nýbygging 7,4 km vegar og 40 m eftirspenntrar bitabrúar á Laxá á Þverárfjallsvegi frá Skagastrandarvegi að Skúfi.
Helstu magntölur veghluta eru:

| | |
|---|---|
| Skeringar í laus jarðlög | 110.000 $m^3$ |
| Bergskeringar | 23.000 $m^3$ |
| Fyllingar og fláafleygar | 166.000 $m^3$ |
| Ræsalögn | 500 m |
| Neðra burðarlag | 33.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 11.000 $m^3$ |
| Klæðing | 48.000 $m^2$ |
| Frágangur fláa | 168.000 $m^2$ |

Helstu magntölur brúar eru:

| | |
|---|---|
| Mótafletir | 1.100 $m^2$ |
| Steypustyrktarjárn | 32.000 kg |
| Spennistál | 5.000 kg |
| Steinsteypa | 500 $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 6 | Suðurverk hf., Hafnarfirði | 205.187.800 | 108,0 | 51.408 |
| 5 | Klæðning ehf., Kópavogi | 199.109.580 | 104,8 | 45.330 |
| 4 | Jörfi hf., Hvanneyri | 196.626.305 | 103,5 | 42.847 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 190.000.000 | 100,0 | 36.220 |
| 3 | Steypustöð Blönduóss og Þróttur ehf., Akureyri | 185.609.314 | 97,7 | 31.830 |
| 2 | Norðurtak ehf., Sauðárkróki | 157.030.550 | 82,6 | 3.251 |
| 1 | Fjörður sf., Sauðárkróki | 153.779.607 | 80,9 | 0 |

## Djúpvegur (61), Kleifar - Hestur 03-001

Tilboð opnuð 10. júní 2003. Vestfjarðaumdæmi. Nýbygging Djúpvegar á 31,5 km löngum kafla frá Kleifum í Skötufirði að Hesti í Hestfirði.
Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Lengd | 31,5 km |
| Mölun | 52.000 $m^3$ |
| Bergskering | 120.000 $m^3$ |
| Fyllingar | 130.000 $m^3$ |
| Ræsalögn | 1,95 km |
| Neðra burðarlag | 40.000 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 46.000 $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 199.000 $m^2$ |
| Rofvarnir | 65.000 $m^3$ |
| Slettuvarnir | 39.000 $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið 1. nóvember 2004.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi | 528.225.000 | 124,1 | 168.281 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 425.773.900 | 100,0 | 65.830 |
| 3 | Kubbur ehf., Ísafirði | 420.246.804 | 98,7 | 60.303 |
| 2 | Íslenskir aðalverktakar hf., Reykjavík | 368.638.370 | 86,6 | 8.694 |
| 1 | Klæðning ehf., Kópavogi | 359.944.000 | 84,5 | 0 |

*Tilboðsupphæð breyttist við yfirferð tilboðs. Sú tala er birt hér en ekki upphæð sem lesin var upp á opnunarfundi en það er annars reglan.*

## Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir 03-042

Tilboð opnuð 16. júní 2003. Norðurlandsumdæmi eystra. Gerð Eyjafjarðarbrautar eystri á um 3,1 km löngum kafla, milli Litla Hamars og Rútsstaða.
Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Fyllingar | 31.000 $m^3$ |
| Fláafleygar | 11.400 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 19.700 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 4.800 $m^3$ |
| Ræsi | 209 m |
| Einföld klæðing | 21.500 $m^2$ |
| Frágangur fláa | 54.900 $m^2$ |

Lagningu bundins slitlags skal lokið fyrir 15. september 2003. Verki skal að fullu lokið 1. október 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 5 | Klæðning ehf., Kópavogi | 46.951.000 | 123,2 | 10.240 |
| 4 | Jarðverk ehf., Akureyri | 45.652.350 | 119,8 | 8.941 |
| 3 | Hafnarverktakar ehf., Akureyri | 43.000.000 | 112,9 | 6.289 |
| 2 | Fjörður sf., Sauðárkróki | 38.833.600 | 101,9 | 2.123 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 38.099.000 | 100,0 | 1.388 |
| 1 | Guðmundur Hjálmarsson hf., Akureyri | 36.710.900 | 96,4 | 0 |



*Nú er hafin vinna við gerð brúar yfir Ólafsfjarðarós. Hún er 40 m löng í tveimur höfum. Það er Mikael ehf. á Hornafirði sem byggir brúna. Þetta er fyrsti áfanginn af nýjum vegi að gangamunna Héðinsfjarðarganga í Ólafsfirði.*

## Vestfjarðavegur (60), Eyrará – Múli 03-045

Tilboð opnuð 23. júní 2003. Vestfjarðarumdæmi. Nýbygging Vestfjarðavegar á 3,16 km löngum kafla milli Eyrarár og Múla í Kollafirði í Austur-Barðastrandarsýslu.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Mölun | 6.100 m |
| Bergskering | 20.600 m |
| Fylling | 46.000 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 14.500 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 2.100 $m^3$ |
| Tvöföld klæðing | 23.500 $m^2$ |
| Rof- og slettuvarnir | 7.600 $m^3$ |

Verki skal að fullu lokið: 1. september 2004.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Hólsvélar ehf., Bolungarvík | 86.780.000 | 133,7 | 32.188 |
| 3 | Klæðning ehf., Kópavogi | 85.488.800 | 131,7 | 30.897 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 64.891.500 | 100,0 | 10.300 |
| 2 | Kubbur ehf., Ísafirði | 56.677.170 | 87,3 | 2.085 |
| 1 | Fylling ehf., Hólmavík | 54.592.000 | 84,1 | 0 |

## Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003 02-100

Tilboð opnuð 10. júní 2003. Norðurlandsumdæmi vestra. „Skagavegur (745) Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003".

Um er að ræða endurbyggingu á þremur köflum á Skagavegi frá Skagastrandarvegi að Örlygsstöðum, samtals 3,3 km.

Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Fyllingar og fláafleygar | 7.100 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 9.200 $m^3$ |
| Malarslitlag | 1.700 $m^3$ |
| Frágangur fláa | 18.000 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| 4 | Steypustöð Blönduóss, Blönduósi | 9.560.540 | 116,9 | 1.687 |
| 3 | Fjörður sf., Sauðárkróki | 8.906.985 | 109,0 | 1.034 |
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 8.175.000 | 100,0 | 302 |
| 2 | Steingrímur Ingvarsson, Litla Gilјá | 8.163.250 | 99,9 | 290 |
| 1 | Guðmundur Vilhelmsson, Hvammstanga | 7.873.107 | 96,3 | 0 |



*Nú er verið að byggja nýja brú á Klifanda á Hringvegi í Vestur-Skaftafellssýslu. Brúin er 64 m löng og kemur í stað einbreiðrar brúar sem er orðin léleg. Það er brúarvinnuflokkur Vegagerðarinnar frá Vík í Mýrdal sem byggir brúna. Í baksýn sést Pétursey.*

# Framkvæmdir 2003

Vegagerðin birtir kort yfir framkvæmdir ársins í hverju umdæmi fyrir sig í Framkvæmdafréttum. Hér er birt kort yfir Norðurland vestra. Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Getið er um allar nýbyggingar og stærri verk í stofnviðhaldi. Fjárupphæð til ráðstöfunar á árinu er birt í flestum tilfellum. Athugið að breytingargeta orðið á einstökum verkum.





Norðurland vestra
árfjallsvegur
verá 2,5 km
0 m.kr. 2002
Nýbygging
mdir hófust í
któber 2002
orðurtak ehf.
tember 2003
76 Siglufjarðarvegur
Gránugata
30 m.kr. 2003
Endurbygging þjóðvegar
í þéttbýli, 450 m
Útboð í mars 2003
Verktaki: Bás ehf.
Verklok: 15. október 2003
793 Skarðsvegur
um skíðasvæði á Skarðsdal 0,5 km
4 m.kr. 2002
12 m.kr. 2003
Endurbygging
Verktaki: Bás ehf.
Verkinu lauk að mestu á árinu 2002
en 2003 verður lokið við frágang fláa
og svæða við hlið vegar
Verklok: 15. júní 2003
744 Þverárfjallsvegur
Þverá - Skagavegur 12 km
45 m.kr. 1999
45 m.kr. 2000
119 m.kr. 2001
107 m.kr. 2002
alls 316 m.kr.
Nýbygging
Útboð í mars 2000
Neðra lag klæðingar
september 2002
Verktaki: Suðurverk hf.
Verklok: júlí 2003
76 Siglufjarðarvegur
um Hofsá, 500 m
30 m.kr. 2003
Endurbygging vegar
Gerð stálbogaræsis
í stað einbreiðrar brúar.
Útboð í júní 2003
Verklok: október 2003
744 Þverárfjallsvegur
Strandvegur á Sauðárkróki
23 m.kr. 2003
Gerð rofvarnar á 1100 m kafla
á þjóðvegi innan Sauðárkróks
og mótun framtíðarvegarstæðis
Verkið hófst apríl 2003
Verktaki: Norðurtak ehf.
Verklok: 1. nóvember 2003
744 Þverárfjallsvegur
Skagastrandarvegur -
Skúfur 7 km
150 m.kr. 2003
Nýbygging
Gerð brúar á Laxá hjá
Skrapatungu
Útboð í maí 2003
Verklok: október 2004
7681 Víðimýrarvegur, 700 m
7691 Löngumýrarvegur, 1.700 m
Endurbygging og bundið slitlag
14 m.kr. árið 2003.
Útboð í apríl.
Verktaki: Steypustöð Skagafjarðar
Verklok: 15. september 2003
Yfirlagnir klæðingar
samtals 59 km
Verktaki: Borgarverk ehf.
Festun 9 km
Verktaki: Borgarverk Borgarnesi ehf.
Styrking með möl 1,7 km
Mölburður með malardreifara
samtals 113 km
Verktaki: SE verktakar ehf.
Skagafjörður
Siglufjörður
Ólafsfjörður
Eyjafjörður
Skjálfandi
Hrísey
Dalvík
Árskógs-sandur
Grenivík
Hauganes
Hjalteyri
Svalbarðseyri
Akureyri
Hofsós
Sauðárkrókur
Varmahlíð
1
35
73
75
76
82
83
F26
F35
F752
F821
F839
F881
F899
726
727
731
732
744
745
748
751
752
754
758
759
765
767
768
781
784
786
787
789
793
802
805
807
808
812
813
814
815
816
818
821
824
825
826
829
831
833
834
835
836
837

## Íslenskt innlegg í Evrópustaðla:

# Samanburðarrannsóknir á frostþoli steinefna

Nýlega hófst vinna við nýtt tveggja ára rannsóknaverkefni sem felst í samanburðarrannsóknum á frostþolsprófum fyrir steinefni í mannvirkjagerð. Verkefnisstjóri er Pétur Pétursson á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en Rb hefur verið í forystuhlutverki í baráttu fyrir því að nothæft frostþolspróf á lausum steinefnum í saltvatni verði tekið upp í Evrópustaðlana. Vegagerðin hefur á undanförnum árum veitt verkefnum sem tengjast þessari viðleitni umtalsverðan styrk. Í því sambandi má nefna að Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar hefur veitt styrk tvö ár í röð til vinnu við stöðlun á nýrri tillögu að frostþolsprófi innan tækninefndar CEN/TC 154/TG 12.

Rannsóknaverkefnið sem hófst í byrjun ársins 2003 var skilgreint sem hefðbundið Nordtest verkefni með þátttöku allra Norðurlandanna. Nordtest veitti 50% styrk til norrænu þátttakendanna, en auk þess höfðu nokkrir evrópskir aðilar lýst áhuga á þátttöku í verkefninu. Verkefnishugmyndin fékk jákvæða umsögn þegar hún var kynnt fyrir tækninefnd TG 12 innan CEN, en það varð til þess að umfangið jókst verulega frá því sem ætlað var í upphafi. Þegar hafist var handa höfðu 15 rannsóknastofur í 10 Evrópulöndum ákveðið að taka þátt í verkefninu, en þær 10 rannsóknastofur sem eru utan Norðurlandanna fá ekki greitt sérstaklega fyrir sitt framlag. Auk rannsóknastofa á Norðurlöndunum taka þátt rannsóknastofur í Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi, Belgíu og Hollandi. Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti styrk til íslenska hluta verkefnisins, sem svarar 5/8 hlutum þess kostnaðar sem fellur á Ísland á þessu ári.

Í stuttu máli felst verkefnið í því að gera samanburðarrannsóknir á frostþolsprófum á lausum steinefnum, annars vegar samkvæmt núgildandi Evrópustaðli (EN 1367-1) þar sem frost/þíðusveiflurnar fara fram í ferskvatni og hins vegar samkvæmt Nordtest staðli (NT BUILD 485) þar sem prófað er í saltlausn. Valin voru tvenns konar steinefni frá hverju þátttökulandi. Haft var í huga við val á efnum að reynsla væri af notkun þeirra og jafnframt að annað efnið hefði reynst vel en hitt síður. Auk þess voru efnin valin með það í huga að þau sýndu þverskurð af þeim bergtegundum sem notaðar eru til mannvirkjagerðar í norðanverðri Evrópu. Þrjár af rannsóknastofunum sem taka þátt fengu það hlutverk að vera lykilstofnanir (auk Rb eru það SP í Svíþjóð og RWTH í Þýskalandi), en hlutverk þeirra er að prófa öll efnin sem um ræðir með báðum frostþolsaðferðunum.

Markmið verkefnisins er aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi mun það gefa áreiðanlegar niðurstöður um nákvæmni aðferðanna tveggja, bæði hvað varðar endurtekningastuðla og tvímælingagildi, en mikið hefur skort á að upplýsingar liggi fyrir um nákvæmni prófunaraðferða fyrir laus steinefni innan CEN/TC 154. Í öðru lagi fást upplýsingar um nothæfi aðferðanna tveggja, en það verður metið með tilliti til útkomu steinefnanna sem prófuð verða, enda eiga þau að vera þekkt hvað varðar reynslu af notkun þeirra.

Það ræðst af niðurstöðum verkefnisins hvaða gildi það hefur sem innlegg í staðlagerð Evrópusambandsins á þessu sviði. Ef vel tekst til, munum við hafa mikilvæg gögn í höndunum til að fara fram á að sett verði inn ákvæði með staðalgildi, þar sem kveðið er á um að frostþolspróf skuli gerð í saltlausn, að minnsta kosti þar sem veðurfarslegar og jarðfræðilegar aðstæður gefa tilefni til þess, en Ísland fellur vissulega undir slíka skilgreiningu.

*Pétur Pétursson, verkefnisstjóri*
*Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins*
*Ásdís Guðmundsdóttir, deildarstjóri*
*rannsókna og þróunar, Vegagerðin*



*Frost/þíðu sveiflur yfir vetrartímann eru tíðar hérlendis og með hækkandi sól verða dagssveiflur algengar í yfirborði slitlaga. Þegar þessar aðstæður og saltnotkun fara saman er mikil hætta á að skemmdir komi fram í slitlögum ef frostþol steinefnisins er ekki fullnægjandi.*



*Hringvegur í Álftafirði, Melrakkanes - Blábjörg.*
*Efra burðarlag lagt út með JERSEY dreifara 20. júní sl.*
*Verktaki: Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum.*

## Jersey malardreifari

Sumarið 1992 var gerð tilraun á Vestfjörðum með að leggja út efra burðarlag með JERSEY malardreifara. Tilraunin tókst mjög vel og síðan hefur þessi aðferð verið fastur liður í útboðsgögnum í Vestfjarðaumdæmi. Tækið hefur einnig verið notað þar við útlagningu á malarslitlagi.

JERSEY dreifarinn er settur framan á jarðýtu og kemur í sömu festingar og tannarboginn. Vökvatjakkar ýtunnar eru tengdir við kjálkann þannig að hægt er að lyfta samstæðuni. Mölinni er sturtað í skúffu og vökvastýrð tönn skammtar efnið úr dreifaranum. Hægt er að breyta halla og hæð blaðsins og stjórna þannig þykkt og halla útlagningarinnar. Þessu er fjarstýrt úr sæti vélamannsins.

Hefðbundin aðferð við útlögn á efra burðarlagi hefur falist í því að vörubílar sturta efninu í veginn og dreifa því eins og kostur er. Efninu er svo jafnað út með veghefli. Með malardreifara verður útlögnin nákvæmari og efnið sparast. Meðferð þess er líka miklu betri því þegar verið er að færa efni til með hefli geta kornastærðir skilist að og gæði tapast. Reynslan er líka sú að afköst verða meiri þegar starfsmenn hafa þjálfast í þessari tækni.



## Auglýsingar útboða

### Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili 03-055

Vegagerðin, Suðurlandsumdæmi, óskar eftir tilboðum í gerð Villingaholtsvegar (305) á um 2 km löngum kafla frá Vatnsenda að félagsheimilinu Þjórsárveri.

Helstu magntölur eru:

| | |
|---|---|
| Fylling | 16.430 $m^3$ |
| Fláafleygar | 3.585 $m^3$ |
| Skering | 3.950 $m^3$ |
| Neðra burðarlag | 7.245 $m^3$ |
| Efra burðarlag | 1.630 $m^3$ |
| Ræsi | 84 m |
| Girðingar | 3.600 m |
| Tvöföld klæðing | 14.350 $m^2$ |
| Frágangur fláa | 22.000 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Selfossi og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 30. júní 2003. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 14. júlí 2003 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

# Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.
Fremst í lista eru númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vesfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au:Austurland. Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð | Auglýst: dagur, mánuður, ár |
|---|---|
| 03-075 Au. Norðausturvegur (85), Brekknaheiði - Geysirófa | 03 |
| 03-074 Au. Hringvegur (1), Vegaskarð - Langidalur | 03 |
| 03-056 Sl. Árbæjarvegur (271), Hringvegur - Heiðarbrún | 03 |
| 03-022 Au. Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2003 | 03 |
| 03-064 Au. Hringvegur (1), veggöng undir Almannaskarð | 03 |
| 03-017 Au. Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls | 03 |
| 03-031 N.ey. Möðruvallavegur (813) | 03 |
| 02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu | 03 |
| 03-014 Rn. Hringvegur (1), vegamót við Nesbraut, hönnun | 03 |
| 03-052 Sl. Reynishverfisvegur (215), Hringvegur - Reynishverfi | 03 |
| 03-049 Vf. Djúpvegur (61), Forvaði - Grindarkrókur | 03 |
| 03-048 Vf. Djúpvegur (61), Kambsnes - Hattardalur | 03 |
| 03-081 Au. Hringvegur (1), ræsi í Össurá og Hlíðará í Lóni | 03 |
| 03-080 Au. Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 1. áfangi | 03 |
| 03-054 Sl. Uxahryggjarvegur (52), um Sandkluftarvatn | 07.03 |
| 03-009 Rn. Reykjanesbraut (41), Fífuhvammsvegur - Vífilsstaðavegur | 07.03 |
| 00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur | 07.03 |
| 03-020 Au. Jökulsá í Lóni, göngubrú stálsmíði | 07.03 |
| 03-083 Sl. Hringvegur (1) um Krossá í Fljótshverfi | 07.03 |
| 03-010 Rn. Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging II. áfangi | 07.03 |

| Útboð sem hafa verið auglýst | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 02-102 N.v. Siglufjarðarvegur (76), um Hofsá 2003 | 30.06.03 | 14.07.03 |
| 03-082 Sl. Kjalvegur (35), Háalda - Sandá | 30.06.03 | 14.07.03 |
| 03-055 Sl. Villingaholtsvegur (305), Vatnsendi - félagsheimili | 30.06.03 | 14.07.03 |
| 03-046 Vf. Vestfjarðavegur (60), brú á Múlaá í Kollafirði | 10.06.03 | 30.06.03 |
| 03-071 Vl. Snæfellsnesvegur (54), um Fróðárheiði | 10.06.03 | 30.06.03 |

| Útboð á samningaborði | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-045 Vf. Vestfjarðavegur (60), Eyrará - Múli | 10.06.03 | 23.06.03 |
| 03-079 N.ey. Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs | 02.06.03 | 16.06.03 |
| 03-042 N.ey. Eyjafjarðarbraut eystri (829), Litli Hamar - Rútsstaðir | 02.06.03 | 16.06.03 |
| 03-037 N.v. Þverárfjallsvegur (744), Skagastrandarvegur - Skúfur | 26.05.03 | 16.06.03 |
| 03-077 Smíði stálbita 2003 | 26.05.03 | 10.06.03 |
| 02-100 N.v. Skagavegur (745), Skagastrandarvegur - Hafnaá 2003 | 26.05.03 | 10.06.03 |

| Útboð á samningaborði, framhald | Auglýst: | Opnað: |
|---|---|---|
| 03-001 Vf. Djúpvegur (61), Kleifar - Hestur | 19.05.03 | 10.06.03 |
| 03-073 Rn. Þingvallavegur (36), veglýsing um Helgafellsmela | 19.05.03 | 02.06.03 |
| 03-072 N.v. Héraðsdalsvegur (754), styrking - Mælifellsdalsvegur (F756), mölburður | 19.05.03 | 02.06.03 |
| 03-070 Rn. Snjómokstur og hálkuvörn í Reykjanesumdæmi 2003-2008 | 12.05.03 | 02.06.03 |
| 03-040 N.ey. Norðausturvegur (85), Breiðavík - Bangastaðir | 12.05.03 | 02.06.03 |
| 02-063 Sl. Efnisvinnsla á Norðurlandi eystra 2003 | 12.05.03 | 26.05.03 |
| 03-061 N.ey. Festun og yfirlögn á Norðurlandi eystra og Austurlandi 2003-2004 | 28.04.03 | 19.05.03 |
| 03-047 Vf. Tálknafjarðarvegur (617), um Sveinseyri | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 03-069 Au. Kollumúlavegur (F980), vegur og varnargarðar | 28.04.03 | 12.05.03 |
| 03-057 Rn. Reykjanesbraut (41), í Hafnarfirði, Lækjargata - Ásbraut, eftirlit | 14.04.03 | 12.05.03 |
| 03-066 Au. Efnisvinnsla á Austurlandi 2003 - 2004 | 14.04.03 | 05.05.03 |
| 03-062 Vf. Vetrarþjónusta, Brjánslækur - Bíldudalur, og bleyting í Barðastrandarsýslu | 07.04.03 | 28.04.03 |

| Samningum lokið | Opnað: | Samið: |
|---|---|---|
| 03-019 Au. Hróarstunguvegur (925), Hallfreðarstaðir - Þórisvatn *Sigurður H. Jónsson, Mælivöllum* | 31.03.03 | 18.06.03 |
| 03-012 Rn. Yfirlagnir Reykjanesi 2003, klæðing *Klæðning ehf.* | 05.05.03 | 10.06.03 |
| 03-007 Sl. Festun og yfirlögn á Suðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra 2003-2004 *Borgarverk Borgarnesi ehf.* | 12.05.03 | 06.06.03 |
| 02-098 N.v. Vatnsnesvegur (711), Tjarnará - Þórsá 2003 *Benedikt Á. Benediktsson* | 12.05.03 | 10.06.03 |

# Niðurstöður útboða

## Hringvegur (1), Glerá, viðgerð handriðs 03-079

Tilboð opnuð 16. júní 2003. Norðurlandsumdæmi eystra.
Viðgerð á handriði brúar yfir Glerá á Akureyri.
Helstu magntölur:

| | |
|---|---|
| Bráðabirgðahandrið | 27 m |
| Stálsmíði | 541 kg |
| Múrboltar | 272 stk. |
| Málmhúðun | 115 $m^2$ |

Verki skal að fullu lokið 1. september 2003.

| nr. | Bjóðandi | Tilboð (kr.) | Hlutfall (%) | Frávik (þús.kr.) |
|---|---|---|---|---|
| --- | Áætlaður verktakakostnaður | 3.669.700 | 100,0 | 2.197 |
| 1 | Vélaverkstæði Dalvíkur | 1.473.000 | 40,1 | 0 |